

## Skýrsla um Skógræktina á Vesturlandi.

1943.

Störfin á þessu ári voru fólgin í ferðalögum, eftirliti á skóglendum og skógargirðingum og græðireit. Vinna við nýbyggingar girðinga, skýrslugerð, bréfaskriftir, símtöl o. fl. í sambandi við framkvæmdir Skógræktarinnar á Vesturlandi.

### 1. Ferðalög:

Til Reykjavíkur fór ég 5. febrúar og dvaldi þar í 11 daga. Ræddi ýms mál við Skógræktarstjórnann Hákon Bjarnason, viðvirkjardi starfi mínu á nýbyrjaða árinu.

16 - 17 apríl ferðaðist ég um Álftaneshrepp og valdi land til skógræktar, fyrir U. M. F. Egill Skallagrímsson í sömu sveit.

15. maí, fór/fram í Reykholtssdal og valdi land undir skóg - ræktargirðingu fyrir U. M. F. Reykdæla í sömu sveit.

11. og 12. júní, ferðaðist á Snæfellsnes ásamt Ásgeir Ásgeirssyni fulltrúa vegamálastjóra í Reykjavík. Athuguðum við girðingarstaði í Búðarhrauni og fleira í sambandi við framkvæmd girðingarinnar.

Eftir þetta fór ég 5 ferðir á Snæfellsnes, í júní og júlí, vann auk þess í Búðahraunsgirðingu á þessum í 20 daga.

4 og 5 september fór ég á hestum inn í Hörðudal í Dalasýslu til þess að velja land undir skógræktargirðingu fyrir sundfélag Hörðdælinga.

13. september fór ég vestur að Mel í Hraunshrepp og athugaði girðingarframkvæmdir þar.

10 - 11 september ferð á Snæfellsnes, réði menn til að fullgera Búðahraunsgirðingu.

26 - 29 okt. ferð og dvöl í Reykjavík.

5 og 6. nóvember ferð til Búðahrauns, að þessu sinni gengið endanlega frá breikningum í sambandi við girðingarframkvæmdir, enda girðingunni þá að fullu lokið.

3. - 6. desember, ferð og dvöl í Reykjavík.

Auk þeirra ferða er að framan greinir hefi ég farið margar stuttar eftirlitsferðir. Alls hefi ég verið fjarverandi frá heimilinu mínu í 150 daga í Þágu Skógræktarinnar, í eftirlitsferðum og vinnu á árinu 1943.

## 2. Framkvæmdir:

Aðalframkvæmdir að þessu sinni er Búðarhraunsgirðingin, og annaðist ég sjálfur verkstjórn hennar.

Girðingin er um 7 km. að lengd, mest öll úr 6 þettum gaddavír aðeins 2 km af girðingunni eru 5 þettir.

Milli máttarstaura 12 m, og 2 renglur á milli þeirra. Sigað er útaf hverjum máttarstaur. Niðursig mjög mörg.

Girðingarsteið er nálega allt á hrauni mjög ósléttu og hörðu.

Verkið var því mjög erfitt varð að bera efniviðinn um 2 km víðast. Þó tók út yfir allt, aðflutningurinn á hestunum varð það lang dýrasti liðurinn þegar tekin er hliðsjón af slíkum flutningum á samilega greiðfærum leiðum.

Girt er í sjó á tveimur stöðum. Strandlengja sú er sjórinn girðir mun vera um 4 km.

Búðarhraun er gróðursælt, en skógarkjarr er þar mjög lágvaxið og kræklótt.

Ég hef enga trú á skjótum framförum skógarins í Búðahraun.

Þá tel ég vert til frambúðar þá sparnaðarráðstöfun að girða í

sjó, tel slíkt ótryggt, og mun þurfa að breyta því bráðlega.

2. Templarar í Borgarnesi fengu land undir skógræktargirðingu í Borgarlandi. Er það skógi vaxinn ás við þjóðveginn vestur frá prestssetrinu Borg.

Skógræktin lagði til girðingarefni að undanskyldum 5 strengjum af gaddavír á 400 m. Templarar kostuðu uppsétningu girðingarinnar að undanskyldri minni vinnu, en ég var verkstjóri. Verkið hófst 12 nóv. en tími vannst ekki til að ganga að fullu frá girðingunni, en verður gjört í vetur ef tíð leyfir, annars snemma næsta vor. Girðingin er um 1200 m, 6 strengja gaddavírsgirðing.

3. Melsgirðing í Hraunshreppi um 3 km. að lengd, og liggur um melbungu mikla að nokkrum hluta uppnlásna, en skógartorfur eru þar á stöku stað, vaxnar lágvöxnu kjarri.

Skógræktin lagði til allt efnið úr annari girðingu er rifin var inn á Hítardal. Vinnu alla hafa þeir bræðurnir Guðmundur og Aðalsteinn Péturssynir að Mel kostað, að viðbættu rífi á gömlu girðingunni og flutningi efnsins heim. Eftir er að ganga lítilsháttar frá girðingunni, en lokið að strengja. Girðingin er 6 þætt.

Melsgirðingin er sú girðingarframkvæmd ársins sem ég er ánægðastur með, og ber tvennt til. Í fyrsta lagi var þörfin, á að friða þetta land mjög brýn. Í öðru lagi er það hin mikla fórnfýsi bræðranna Guðmundar og Aðalsteins, að leggja fram jafn mikla vinnu og raun varð á, og reikna má hvert dagsverk á 50.00 kr. Um þessar mundir virðist það viðtekin regla að allir krefjist mikilla launa fyrir sem minnsta vinnu, eimitt fyrir þá sök er fórnfýsi Melsbræðranna sérstað á þessum tíma, því þeir áttu þess kost að afla sér

mikilla tekna þennan tíma sem aðrir vinnufærir menn.

4. Gengið var að fullu frá Hreimsstaðagirðingu á þessu vori

5. Skógræktargirðing var sett upp í Reykholtssdal á vegum U. M. F. Reykdæla, barst félaginu höfðingleg hjöf frá hinum gömlu Reykholtssystkinum, en mestan þátt í gjöfinni átti frú Ingibjörg Eyfells Reykjavík. Vottuðu þessi systkini fæðingarsveit sinni og æskufélagsskap tryggð sína betur á þennan hátt en unnt var að gjöra með mörgum yfirlætisfullum heimsóknnum og orðaræðum um nauðsyn á að klæða landið.

Skógræktin lagði félaginu til 50 staúra og 60 renglur. Girðingin er um 400 m.

6. Á þessu sunni var komið upp skógræktargirðingu í Eskiholtslandi og er girðinginni komið upp að tilhlutan tveggja manna úr Borgarnesi, er lögðu alla vinnu fram, en skógræktarfélag Borgfirðinga lagði til vír og renglur. Skógræktin lagði til 50 staúra. Þarna er mjög fallegt land til skógræktar.

Í eftirtaldar smágirðingar er efnið til, en sökum ótíðar og mannfæðar var ekki hægt að girða þær í haust.

1. Á Fróðastöðum 200 m girðing á skóglausu landi.

2. Á Stórákroppi 200m girðing á skóglausu landi.

3. Við sundlaug í Hörðudal Dalasýslu á skóglausu landi 300 m.

4. Í Urriðaárlandi við Þjóðveginn, U. M. F. Egill Skallagrímsson Álftaneshreppi. Girðingin verður um 1 km, landið vaxið skógi.

Öll vinna við grindar girðingar verður kostuð af hlutaðeigendum, en skógræktin leggur til efnivið. Allar girðingarnar verða girtar í vor.

Græðireiturinn:

Í Jafnaskarðsskógi var starfræktur græðireitur. Fengnar voru birkiplöntur frá Hvanneyri, úr sáðreit þar. Döfnuðu plönturnar vel. Plöntur þær er settar voru niður í fyrra voru teknar upp í haust og grafnar niður. Af þeim eru söluhafar næsta vor 48~~0~~ birki, en þær er ekki teljast söluhafar verða gróðursettar næsta vor.

Sitkagrenifræi sem sáð var í fyrra kom vel upp í vor, ennfremur var sáð í hálfri beð sitkagrenifræi á þessu vori, og kom það vel upp. Með byrjun ágústmánaðar brá til kuldatíðar gjörði storma mikla og frost margar nætur. Hést þetta tíðarfar óbreytt úr því fram í september. Þetta var tilfínanlegt áfall fyrir sitkagrenið og fölnuðu þær mjög. Áð þessu sinni verður engu um það spáð hversu uppvexti þessara sitkagrenisplantna reiðir af, en venlega horfir ekki.

Í vor var bylt  $470\frac{2}{m}$  skammt frá bænum Hreðavatni. Sáð í 190 m. Var borið mikið í þetta af sauðataði. Í rúmlega hálfan þennan reit var sáð birkiifræi í vor. Fræið kom vel upp og gjöri ég mér vonir um styrk fyrir birkiuppeldi komandi ára úr þessum litla reit, þegar um plöntuuppeldi er að ræða koma til greina margar kröfur um vinnslu þarðvegarsins, áburð, hirðing, skjól o. fl, allt þetta er á valdi mannanna sjálfra. En tíðarfarið ræður enginn við. Síðastliðin tvö ár hafa verið með afbrygðum vond, fyrir plöntu-uppeldi.

Í vor skiptust á hríðarveður með frosthörkum og þrapaskúrum. Ef birtirí lofti var ávalt komið frost og hélt þetta fram yfir 19. júní. Eftir miðjan júní gjörði góða tíð, og héldust góðviðri oftast til júliloka. Eftir það var tíð með afbrygðum köld er áður greinir og féll kartöflugras til sveita 7. og 8. ágúst.

Laust eftir mánaðarmót ágúst sept. voru þræbeð þakin, og plöntur teknar upp og grafnar. Birkið er sáð var í vor þoldi kuldana betur en sitkagrenið.

Skógarhögg var aðeins framkvæmt í Munaðarnesgirðingu og voru seld þaðan á 4. tonn af viði.

Ákveðið var að hefjast handa um skógarhögg í Jafnaskarðsskógi, en engir menn voru fánlegir í vinnu enda aðstaða þar afar erfið.

### Ýms störf:

Mikill tími hefir farið til skýrslugerða, bréfaskrifa, símtöl o. m. fl. Eigi get ég skylist svo við yfirlit þetta að mynnast eigi lítið eitt á aðstöðu mína til starfa fyrir Skógrækt ríkisins.

En ég hefi engan bústað fengið frá Skógrækt ríkisins, en mér er allra hluta vegna ekki kleift að búa lengur við jafnaumt hlutskipti og hér á Gljúfurá. Sökum þess hefi ég fest kaup á Beigalda í Borgarhreppi, og lagt út 35 þúsund krónur fyrir jörðina, bæði úr eigin vasa og með lánum. Hinsvegar er mér það vel ljóst að undir jafn erfiðum skylyrðum og nú eru um sólir í sveit, er aðstaða manna í minni stöðu afar erfið. Ég verð á þessu ári að leggja fram meira fé úr eigin vasa í vinnulaun við smá búskap, en ég fæ frá Skógrækt ríkisins (laun). Þó hefi ég ekki fólk allt árið.

Aður hefi ég minnst á þörfina um bett eftirlit um sumartímann á skóglendi við Hreðavatn, og nauðsyn þess að friða skóglendið sunnan Hreðavatns, en það land er á hendi Skógræktar ríkisins, endurgjaldslaust, aðeins ef það er friðað. Ennfremur er brýn nauðsyn á að byggja ákyl í Jafnaskarðsskógi, en þar þarf að framkvæma mikið skógarhögg bráðlega. Skýlisleysið veldur mér miklum örðugleikum um allar framkvæmdir þar.

### Horft fram:

Þegar lítið er fram á leið blasa við mörg verkefni. Nauðsyn ber til að stækka greiðreitinn hér hið allra bráðasta. Þörfin fyrir auknum

girðingarframkvæmdum er þó ekki síður nauðsynleg. Fjöldi manna hefir leitað til mín um aðstoð með girðingar um skóglendi eða uppblásturs-  
svæði, sem eru í yfirvofandi hættu ef hjálp og friðun berst ekki  
bráðlega. Skilningur manna á því að vernda gróðurlendið er að aukast. Þeim  
skilningi verður að reyna að mæta með auknum girðingum.

Það getur verið og seint að girða eftir mörg ár mikið af því landi  
sem nú bíður friðunar. Það er nauðsyn að rækta nýja skóga, en það er  
meira nauðsyn að vernda þann gróður sem fyrir er, og er á förum. Mörg  
rök er hægt að leiða að því, en þess gjörist eigi þöff. Það kostar  
mikið fé að rækta skóga í okkar kalda landi, og eftir því sem að gróður-  
blettunum fækkar, því erfiðara verður nýtt ræktunarstarf, og jafnframt  
fækkar þeim er vilja leggja hönd á plóginn um viðreysnarstarfið.

Það er lögmál í lífinu, ekki síst nú á dögum, að allir vilja það  
eitt af hendi inna er gefur vissan arð fyrir verknaðinn, í hvaða mynd  
sem hann er, og gjöri ég ráð fyrir að stórfelld ræktun landsins eigi  
óskipt mál um það. Hitt er annað mál hvað einstaklingar leggja ásig  
fyrir ræktun á smá blettum án tillits á kostnaði, en slíkis blettir  
hafa enga úrslita býðingu fyrir skógrækt á Íslandi í framtíðinni.

Mín sannfæring er það, á næstu árum verði Skógrækt ríkisins ásamt  
Sandgræðslunni að leggja á eitt um uppgreðslu örfoka lands í byggð-  
um landsins. Þegar búið er að hefta uppblástur og eyðingu skóga, svo  
og annars gróðurs, er hægt að snúa sér af öllum metti að takmarkinu,  
en það er:

Alþar byggðir Íslands skógi og grasi vaxnar, það er framtíð-  
in.

Á gamlaársdag 1943

Daníel Kristjánsson.